



## Árshlutauppgjör RÚV 1. janúar – 30. júní 2018

- **Jafnvægi í rekstri RÚV**
- **Áframhaldandi niðurgreiðsla skulda**
- **Aukið samstarf við sjálfstæða framleiðendur og miðla**

### Helstu niðurstöður

Eftir fyrstu sex mánuði ársins var 77,5 m.kr. halli á rekstri RÚV sem er í takt við áætlanir og skýrist af meginatriðum af árstíðabundinni sveiflu í rekstri eins og undanfarin ár. Afkoma RÚV er að jafnaði neikvæð á fyrri hluta árs en jákvæð á hinum síðari. Sem fyrr er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu RÚV á árinu 2018 en jákvæð afkoma hefur verið af rekstri RÚV frá árinu 2014.

Tekjur RÚV voru 3.344 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 3.103 m.kr. á sama tímabili árið 2017. Rekstrargjöld án afskrifta voru 3.159 m.kr. en 2.866 á síðasta ári. Afskriftir voru 163 m.kr. en 156 m.kr. á samanburðartímabilinu. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 118 m.kr. og lækka á milli ára vegna lækkunar skulda og vaxta. Félagið hefur haldið áfram niðurgreiðslu skulda eftir sölu á byggingarréttinum við Efstaleiti 1. Heildareignir félagsins 30. júní námu 7.643 m.kr., eigið fé var 2.113 m.kr. og eiginfjárhlutfall 27,6% en það hefur hækkað mikið á síðustu misserum.

---

### Ríkisútvarpið ohf.

Efstaleiti 1  
150 Reykjavík  
Sími: 515 3000

### Framtíðarhorfur

Á undanförunum árum hefur verið hagrætt í ytri umgjörð til að efla dagskrá eins og kostur er. Fjárhagsleg endurskipulagning og breytingaferli árið 2014 hefur skilað hallalausum rekstri frá þeim tíma og stefnt er að áframhaldandi hallalausum rekstri.

Eins og þekkt hjá mörgum almannaþjónustumiðlum hefur ríkt almennt samkomulag um að fjármögnun Ríkisútvarpsins sé blönduð, annars vegar með tekjum af útvarpsgjaldi og hins vegar með sértekjum vegna auglýsinga o.fl. Eftir ítrekaðar lækkanir á útvarpsgjaldi á síðustu árum hefur það tekið breytingum í samræmi við þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið frá árinu 2016. Sértekjur vegna auglýsingasölu o.fl. hafa að jafnaði verið um þriðjungur heildartekna RÚV. Á fyrri hluta ársins var hluti tekjuaukningar samkeppnisreksturs vegna sölu eigna. Þrátt fyrir auknar tekjur vegna sölu á auglýsingum í tengslum við heimsmeistarakeppnina í fótbolta í sumar hafa söluáætlanir ekki gengið fullllega eftir og er ljóst að sá samdráttur sem átt hefur sér stað á auglýsingamarkaði á undanförunum mánuðum mun hafa áhrif á tekjur RÚV til lækkunar á árinu 2018.

Á síðasta ári kynnti RÚV nýja stefnu til ársins 2021 og hefur verið unnið að innleiðingu hennar með góðum árangri. Sérstaða RÚV sem almannaþjónustumiðils hefur verið skerpt og innra starf endurskipulagt. Nýtt skipulag tók gildi 1. janúar sl. Meðal annars hefur verið lögð mikil áhersla á að mæta breytingum í miðlun, m.a. með nýjum spilara RÚV. Þá hefur einnig verið lögð áhersla á aukið samstarf við sjálfstæða framleiðendur og miðla, með því að veita þeim aðgang að þjónustu og aðstöðu innan Útvarpshússins.

[www.ruv.is](http://www.ruv.is)